


Hnútar

Tillaga í samkeppni um verk á austurgafi
Sjávarútvegshússins, Skúlagötu 4

AFSTAÐA, STÆRÐ, STAÐSETNING



SJÁVARÚTVEGSHÚSIÐ

1 hnútur
1 sjómíla
1852 metrar

Hnútar

Tillaga í samkeppni um verk á austurgafi
Sjávarútvegshússins, Skúlagötu 4

GREINARGERÐ UM HUGMYND AÐ BAKI VERKINU

forsendur – áherslur

Sjávarútvegshúsið stendur á áberandi stað nærri stórri umferðaræð, við íbúabyggð, nálægt sjávarsíðu og miðbæ Reykjavíkur. Byggingin, sem teiknuð er af Halldóri H. Jónssyni arkitekt, hefur móðernískt yfirbragð og er einfaldleiki og endurtekning áberandi.

Áhersla er lögð á að verkið hafi skírskotun í sögu sjávarútvegs og falli vel að byggingunni og því umhverfi sem hún stendur í. Einnig er horft til þess að verkið þoli vel veður, fjarlægð og nálægð. Við gerð og uppsetningu verður lögð áhersla á samstarf við fagfólk í sjávarútvegi.

kveikjan

Íslenskur sjávarútvegur og þau störf og fyrirtæki sem hann leiðir af sér eru gríðarlega mikilvæg íslenskum efnahag. Hann er í dag öflug þekkingargrein sem hnýtir saman ólík svið, þekkingu og reynslu í íslensku atvinnulífi og samfélagi – og teygir sig langt út fyrir landssteinana. Grunnurinn að sjávarútveginum er og verður sjósóknin – sóknin í sjávarfangið – og til að fanga það þarf færi. Þar fleygir tækninni fram og mikil vísindi liggja að baki, þó byggja veiðarfærin enn á hnútum – eins og þau hafa gert frá því menn fóru að sækja sjó. Hnútar voru og notaðir fyrr á öldum til að mæla skrið skipa og eru enn í dag mælieining á hraða þeirra. Þeir gegna einnig fleiri hlutverkum í sjávarútvegi, bæði um borð og í landlegu – og þeir sem ætla sér að stunda sjóinn þurfa að vera *öllum hútum kunnugir*. Hnútar geta leyst margan vanda, bjargað fermi og jafnvel lífum – en jafnframt geta þeir skolið á skipum með ægikrafti.

efnisval – útfærsla

Stærð

1852 sentimetrar á lengd og um 600 sentimetrar á breidd.

„Einn hnútur samsvarar einni sjómílu á klukkustund, en sjómíla er upphaflega skilgreind sem ein mínúta á lengdarbaug og er samkvæmt því $111,1 \text{ km}/60 = 1852 \text{ m}$.“ www.visindavefur.is

Efnisval

Efnisval er einfalt og tengist inntaki verksins – reipi og stálfestingar. Efnið er slitþolið og þolir verstu veður, jafnvel á sjó. Notuð verða reipi, hreinsuð, sem þegar hafa þjónað hlutverki sínu um borð í íslenskum skipum. Þau bera með sér tóna hafsins.

Uppsetning

Komið verður fyrir fimm stálfestingum að ofan og fimm að neðan (sjá tillögu), í þær verða dregin reipi og þau svo hnýtt kunnnum hnútum úr sjómennsku. Leitað verður til Tækniskólans, um samstarf við undirbúning verksins, val hnúta og prófun – og loks hnýtingar í sjálfru verkinu.

Gert er ráð fyrir að núverandi merking á austurgaflinum verði tekin niður og í staðinn málað á húsið: „Sjávarútvegshúsið“ og þar fyrir neðan „1 hnútur 1 sjómíla 1852 metrar“. Ef ekki er vilji til þess, má færa núverandi merki á sama stað og nýtt merki er sýnt á tillögu – þá er lagt til að einungis standi „Sjávarútvegshúsið“ og „Skúlagötu 4“ verði sleppt.

Hnútar


Tillaga í samkeppni um verk á austurgafli
Sjávarútvegshússins, Skúlagötu 4

BÚIÐ VEL UM HNÚTANA

(viðauki – viðbótartillaga)

Á meðan verkið á austurgaflinum er uppi er lagt til að í anddyri
Sjávarútvegshússins verði sett upp annað verk sem gestir og starfsmenn
hússins munu skapa smátt og smátt. Einnig að komið verði fyrir leiðbeiningum
og „verkstæði“ hnýtinga. Þar geta börn og fullorðnir komið og lært og æft
handtök við hnýtingar – gert þá hnúta sem finna má í verkinu á austurgafli
hússins, auk fleiri.


Með slíkri aðstöðu í anddyri Sjávarútvegshússins er rýmið gert áhugavert
og aðgengilegt fyrir almenning – börn og fullorðna sem alla jafna eiga ekki
leið í húsið.



Mynd 1

Rammi er settur upp og strengdur á hann bætigarn (mynd 1). Stærð rammans
fer eftir því rými sem hann stendur í – æskilegt er að hann sé að minnsta kosti
tveir metrar á hæð. Til hliðar stendur í límsstofum „BÚIÐ VEL UM HNÚTANA“,
auk leiðbeininga og spotta í sex litum til að hnýta í garnið. Hver og einn velur
sinn hnút og sinn lit.

Á hliðarvegg (mynd 2) er sett upp röð mynda af völdum hnútum (12 stk.), undir
hverri mynd er heiti hnúts og lýsing á því hvernig hann er hnýttur. Enn neðar eru
svo tvær slár – í þá efri eru festar bætigarnslengjur (splæsing) og á þá neðri
geta áhugasamir æft sig að hnýta lengjurnar. Til hliðar verður komið fyrir
„ÖLLUM HNÚTUM KUNNUG?“ í límsstofum. Þetta er einföld og ódýr lausn að
litlu „hnýtingaverkstæði“, sem auðvelt er að þróa áfram.



Mynd 2